

Næringarmeðferð einstaklinga með sykursýki af tegund 2

Fræðilegur bakgrunnur leiðbeininga fyrir
heilbrigðisstarfsmenn



Próunarmiðstöð
Íslenskrar heilsugæslu



Höfundar: Óla Kallý Magnúsdóttir, Bertha María Ársælsdóttir, Hörður Björnsson, Rafn Benediktsson, Rut Gunnarsdóttir og Tómas Þór Ágústsson og Bryndís Eva Birgisdóttir 2016.
Endurskoðun 2019.

Leiðbeiningarnar eru gefnar út í samstarfi við Landspítala, Háskóla Íslands, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Embætti landlæknis og Matvæla- og næringarfræðafélag Íslands.

Ábyrgðarmaður: Óla Kallý Magnúsdóttir, Næringarstofu Landspítala.



Efnisyfirlit

Formáli	4
Áætlun um innleiðingu leiðbeininga	5
Markmið næringarmeðferðar	7
Næringarmeðferð einstaklinga með sykursýki af tegund 2	9
Tegundir mataræðis	13
Mataræði sem byggir á almennum ráðleggingum	14
Mataræði með hóflegri kolvetnisskerðingu	17
Lágkolvetnismataræði	20
Næringarmeðferð umfram mataræði og fæðutegundir	24
Lokaorð	27
Heimildir	28
Viðauki I – Mataræði Íslendinga	33
Viðauki II – Úr Landskönnun á mataræði Íslendinga 2010-11	35



Formáli

Klínískar leiðbeiningar um meðferð einstaklinga með sykursýki af tegund 2 voru gefnar út á vegum Landlæknisembættisins árið 2009 (1). Kafli 6 í leiðbeiningunum fjallar um lífsstíl og mataræði þar sem meðal annars kemur fram að næringarráðgjöf sé nauðsynlegur hluti af sykursýkismeðferð og ef kostur er, ætti að veita einstaklingsmiðaða samfellda fræðslu hjá næringarfræðingi. Í ljósi þess hve mikið rannsóknum á áhrifum mismunandi mataræðis í meðferð við sykursýki af tegund 2 og offitu hefur fjölgað, þótti orðið tímabært að endurnýja þann hluta leiðbeininganna sem snýr að mataræði. Nýlegar rannsóknir benda til þess að unnt sé að beita mismunandi aðferðum í næringarmeðferð við sykursýki af tegund 2 og áhersla á einstaklingsmiðaða næringarmeðferð fer vaxandi. Fæðissaga einstaklings ætti alltaf að liggja til grundvallar næringarmeðferð og mikilvægt er að meðferðaraðili hafi góða þekkingu á matvælum og næringu, bæði til að geta forgangsraðað þeim breytingum sem ef til vill þarf að innleiða í samráði við einstaklinginn en einnig til að tryggja gæði mataræðisins og að hæfilegt magn vítamína, steinefna og annarra hollefna fái úr fæðunni.

Gróska í rannsóknum hefur leitt til fjörugra og frjórna umræðna, sem er af hinu góða, en einnig misræmis í skilaboðum meðferðaraðila. Það er mjög mikilvægt gagnvart skjólstæðingum heilbrigðisþjónustunnar að heilbrigðisstarfsmenn leiðbeini um mataræði á svipaðan hátt og fylgi þeim klínísku leiðbeiningum sem í gildi eru á hverjum tíma því misvísandi skilaboð geta dregið úr meðferðarheldni.

Samantektin sem hér fer á eftir byggir á erlendum leiðbeiningum frá Evrópu, Ástralíu og Bandaríkjunum (2-7) en tekið hefur verið tillit til íslenskra aðstæðna þar sem við á, sem og niðurstaðna vinnustofu sem haldin var á Háskólatorgi Háskóla Íslands 7. apríl 2016 og athugasemda sem bárust í kjölfarið. Þessari samantekt er ætlað að vera fræðilegt yfirlit og stuðningur fyrir heilbrigðisstarfsfólk sem sinnir næringarmeðferð einstaklinga með sykursýki af tegund 2.



Áætlun um innleiðingu leiðbeininga

Markmið með innleiðingunni er að auka vitund heilbrigðisstarfsmanna um stöðu þekkingar á næringarmeðferð einstaklinga með sykursýki af tegund 2. Stofnaður verður þverfaglegur hópur sérfræðinga sem mun leiða innleiðingarferlið. Hópurinn mun einnig beita sér fyrir því að gerðar verði rannsóknir sem tengjast næringarmeðferð einstaklinga með sykursýki af tegund 2 á Íslandi. Unnið verður í samstarfi við Embætti landlæknis, Háskóla Íslands, Landspítala, Þróunarstofu íslenskrar heilsugæslu og aðrar heilbrigðisstofnanir auk Rannsóknastofu í næringarfræði. Kallað hefur verið eftir því að hópurinn beri ábyrgð á uppfærslu leiðbeininga, standi að fræðslu til fagaðila, þróun og framleiðslu fræðsluefnis fyrir skjólstæðinga og sé til ráðgjafar við aðra fagaðila.

Innleiðingarferlinu má skipta í þrjá meginþætti (en hér er gerður fyrirvari um að takist að fjármagna verkefnið):

1. **Fræðslu- og kennsluefni:** Kallað hefur verið eftir því að útbúið verði fræðslu- og ítarefni fyrir fagaðila sem og fræðsluefni fyrir skjólstæðinga.

Ábyrgð: Rannsóknastofa í næringarfræði

Samstarfsaðilar: Göngudeild sykursýki á Landspítala, Embætti landlæknis og Þróunarstofa íslenskrar heilsugæslu.

Tími: Árið 2019

2. **Fræðsla:** Leiðbeiningarnar verða kynntar á heilbrigðisstofnunum landsins og hjá öllum faghópum sem sinna þessum sjúklingahópi. Stefnt er að námskeiðum í samvinnu við Þróunarstofu íslenskrar heilsugæslu.

Ábyrgð: Rannsóknastofa í næringarfræði og Þróunarstofa íslenskrar heilsugæslu.

Samstarfsaðilar: Göngudeild sykursýki á Landspítala og Embætti landlæknis.

Tími: Árið 2019



3. **Árangursmat:** Kallað hefur verið eftir þróun spurningalista til að meta þörf fyrir næringarmeðferð, meðferðarheldni og árangur, s.s. matslista á mataræði, þekkingu og líðan. Hönnun og mat slíkra lista er rannsóknarverkefni.

Ábyrgð: Rannsóknastofa í næringarfræði

Samstarfsaðilar: Göngudeild sykursýki á Landspítala.

Tími: Árið 2020

Endurskoðun: Í takt við fjölda rannsókna á þessu sviði er mikilvægt að leiðbeiningar séu í sífelldri endurnýjun og séu yfirfarnar árlega miðað við nýja þekkingu. Þær skulu þó teknar til gagngerðar endurskoðunar á minnst fimm ára fresti, eða næst í ágúst 2021.

Ábyrgð og samstarfsaðilar: Rannsóknastofa í næringarfræði við Landspítala og Háskóla Íslands og Göngudeild sykursýki á Landspítala.



Þróunarmiðstöð
Íslenskrar heilsgæslu



Markmið næringarmeðferðar

Meginmarkmið næringarmeðferðar einstaklinga með sykursýki af tegund 2 er að bæta eða viðhalda heilsu og vellíðan einstaklingsins til bæði skemmri og lengri tíma. Þannig beinist meðferðin að því að draga úr fylgikvillum sjúkdómsins, viðhalda lífsgæðum og bæta horfur. Markmið varðandi langtímablóðsykur, þyngd, blóðfitur, blóðþrýsting og þess háttar eru einstaklingsbundin.

Blóðsykurstjórnun

Næringarmeðferð einstaklinga með sykursýki miðar sérstaklega að því að hafa góða stjórn á blóðsykri. Næringarmeðferð getur komið jafnvægi á blóðsykur yfir daginn og stuðlað að því að einstaklingur nái markmiðum í langtímablóðsykri, HbA1c (2, 4, 8-11).

Þyngdarstjórnun

Næringarmeðferð einstaklinga með sykursýki miðar að því að ná og/eða viðhalda þyngdarmarkmiðum sé þörf á og sé þess óskað. Þyngdartap hjá einstaklingum með sykursýki í ofþyngd (BMI 25-29,9 kg/m²), offitu (BMI ≥30 kg/m²) og hjá einstaklingum með mikla kviðfitu (mittismál ≥94 cm hjá körlum og ≥80 cm hjá konum (12)) getur lækkað langtímablóðsykur og dregið úr tíðni fylgikvilla (4, 13-15). Hjá of þungum einstaklingum sem eru með hækkaðan blóðsykur getur þyngdartap einnig minnkað líkur á að þróa með sér sykursýki af tegund 2 (4, 16-18).

Fylgikvillar

Samspil ofþyngdar og offitu, hás blóðþrýstings, blóðfituröskunar og hás blóðsykurs skýrir meðal annars hvers vegna einstaklingar með sykursýki eru í aukinni hættu á hjarta- og æðasjúkdómum. Næringarmeðferð einstaklinga með sykursýki af tegund 2 þarf að taka tillit til allra þessara þátta til að draga úr hættu á fylgikvillum sykursýki. Í næringarmeðferð er einnig mikilvægt að taka tillit til annarra fylgikvilla eða sjúkdóma, svo sem skertrar nýrnastarfsemi, sé slíkt til staðar (2, 4, 6, 19-21).



Að viðhalda lífsgæðum

Matur spilar stórt hlutverk í lífi flestra, ekki einungis hvað næringu varðar heldur spilar hann einnig stórt félagslegt hlutverk. Markmið næringarmeðferðar er að fræða og styðja einstaklinginn og benda honum á gagnleg tæki og tól til að gera hann öruggari með fæðuval frá degi til dags. Markmiðið er að viðkomandi geti notið þess að borða hollan og góðan mat þrátt fyrir sjúkdóminn. Ekki ætti að útiloka fæðutegundir nema vísindaleg og/eða klínísk rök séu fyrir því.



Þróunarmiðstöð
Íslenskrar heilbrigðisgæslu



Næringarmeðferð einstaklinga með sykursýki af tegund 2

Virðing fyrir aðstæðum og venjum hvers og eins er grundvallarhugsunarháttur í samskiptum heilbrigðisstarfsfólks og skjólstæðinga þeirra. Fyrsta skref í næringarmeðferð er að ávinna sér traust einstaklingsins og fara yfir núverandi matarvenjur, þekkingu, aðstæður og skoðanir einstaklingsins. Í framhaldinu þarf að meta hvort æskilegt sé að gera breytingar á mataræðinu og skoða með einstaklingnum hverju hann er tilbúinn til að breyta. Öryggi einstaklingsins þarf ávallt að vera í fyrirrúmi.

Til að auka meðferðarhaldni er oft árangursríkt að breyta eins litlu í mataræði og mögulegt er þannig að mataræðið færist nær því sem æskilegt er, án þess að einstaklingurinn þurfi að breyta öllum sínum venjum. Ef ljóst er að miklar breytingar á mataræði eru nauðsynlegar getur verið gott að gera þær í áföngum.

Einstaklingsmiðuð næringarmeðferð

Í næringarmeðferð er mikilvægt að mæta einstaklingnum með tilliti til aldurs hans, þarfa, heilsu, menningar og umhverfis, næringar- og heilsulæsis, núverandi mataræðis og því hversu móttækilegur og tilbúinn hann er til að gera breytingar á mataræði sínu, sé þörf á því. Rannsóknir sýna að mismunandi tegundir mataræðis geta hentað sem næringarmeðferð einstaklinga með sykursýki og er það einstaklingsbundið hvað hentar hverjum og einum best (2-6). Næringarmeðferð ætti því að vera einstaklingsmiðuð og stundum gæti þurft að gera málamiðlanir. Ef breytingar á mataræði í samræmi við almennar ráðleggingar fyrir einstaklinga með sykursýki af tegund 2, leiða ekki til bættrar blóðsykurstjórnunar eða þyngdartaps innan ákveðins tíma, er möguleiki á að prófa annars konar mataræði í samráði við einstaklinginn. Mikilvægt er að fylgjast með líðan einstaklingsins og aðstoða við að finna þá samsetningu mataræðis sem stuðlar að seddu og almennri vellíðan.

Mikilvægt að búa til nýjar venjur

Flestir fullorðnir einstaklingar hafa komið sér upp ákveðnum venjum sem áskorun getur verið að breyta þegar þörf krefur. Til að tryggja meðferðarhaldni við næringarmeðferð þarf að taka tillit til atriða eins og skoðana, þarfa, menningar og umhverfis sem og vilja einstaklingsins til að gera breytingar, sé þeirra þörf. Mikilvægt er að finna mataræði sem einstaklingur getur fylgt alla daga og að hann treysti sér til að viðhalda breytingum sem hann gerir á mataræðinu til lengri tíma (22, 23).

Heildarorka fæðunnar skiptir máli

Ofþyngd og offita eru þekktir áhættuþættir fyrir sykursýki af tegund 2 en stór hluti einstaklinga með sjúkdóminn eru of þungir en alls ekki allir. Fyrir of þunga einstaklinga með sykursýki af tegund 2, eða einstaklinga með mikla kviðfitu, getur mataræði sem hefur þyngdartap og viðhald þess þyngdartaps í för með sér, verið skynsamlegt mataræði. Rannsóknir hafa sýnt að til að stuðla að þyngdartapi þarf orkuneysla fyrst og fremst að vera minni en orkunotkun. Samsetning mataræðisins með tilliti til orkuefnanna virðist skipta minna máli (innan ákveðinna marka þó) og einstaklingsbundið getur verið hvað hentar hverjum og einum (3, 4, 24-27). Stjórnun orkujafnvægis í líkamanum er þó háð mörgum þáttum og getur takmörkun á orkuinntöku hvatt líkamann til að draga úr orkueyðslu og þannig haft áhrif á hraða þyngdartaps. Nýlegar rannsóknir benda einnig til að þættir eins og samsetning þarmaflórunnar geta haft áhrif á orkujafnvægi (28).

Einstakar fæðutegundir

Gæði fæðunnar skipta meira máli en skipting orkuefnanna innan hefðbundinna ráðlegginga (29). Fæðutegundir sem rannsóknir hafa tengt við minni líkur á sykursýki tegund 2 (forvörn) geta einnig verið hluti af áhrifaríkri næringarmeðferð við sykursýki af tegund 2 s.s. grænmeti, ávextir, heilkorn, baunir, hnetur og fiskur. Aukin neysla þessara fæðutegunda á kostnað verri og næringarsnaðari kosta getur í mörgum tilfellum nægt til að ná fram jákvæðum



heilsufarslegum áhrifum, meðal annars þyngdartapi, bættri blóðsykurstjórnun og minni hættu á fylgikvillum (2-7).

Almennt ætti að ráðleggja lítið unninn, ferskan og næringarríkan mat. Sem kolvetnisgjafa er mælt með heilkorni og heilkornavörum, grænmeti, ávöxtum, baunum og hreinum mjólkurvörum. Sérstök áhersla skal lögð á að velja trefjaríkan mat og mat sem hefur lágan sykurstuðul umfram aðra kolvetnisgjafa og er þá yfirleitt átt við lítið unnar vörur. Það getur dregið úr blóðsykursveiflum. Af sömu ástæðu ættu einstaklingar með sykursýki af tegund 2 að forðast sykraða gos- og svaladrykki en þeir hækka blóðsykur hratt og auka einnig líkur á þyngdaraukningu, hjarta- og æðasjúkdómum og fitulifur. Einnig ætti að hvetja til þess að neysla á sykkurikum vörum sé í lágmarki (4-6, 30-32).

Fátt bendir til þess að sætuefni hafi áhrif á blóðsykur og rannsóknir hafa ekki sýnt fram á skaðsemi sætuefna ef þeirra er neytt innan ákveðinna marka. Þó er ekki búið að sannreyna skaðleysi og enn síður gagnsemi þeirra. Því er rétt að hvetja til engrar eða a.m.k. hófsamrar neyslu á sætuefnum af öllum gerðum. Einstaklingar með sykursýki ættu einnig að varast unnar matvörur sem auglýstar eru sérstaklega fyrir sykkursjúka þar sem fita af lélegum gæðum kemur oft í stað sykurs (33-35).

Mikil saltneysla getur aukið hættu á háþrýstingi og hjarta- og æðasjúkdómum (36-38). Því ætti að hvetja til sparlegrar notkunar á salti en auk borðsalts fæst salt aðallega úr unnum kjötvörum, brauði, osti, tilbúnum réttum og skyndibita.

Næringarinnihald – trefjar, vítamín og steinefni

Það er ekki nóg að huga einungis að blóðsykurstjórnun og þyngdartapi. Þar sem um langtímameðferð er að ræða er einnig mikilvægt að maturinn veiti hæfilegt magn af trefjum, vítamínum og steinefnum samkvæmt ráðleggingum Embættis landlæknis (39). Ef einstaklingur vill prófa mataræði sem er mjög frábrugðið hefðbundnum ráðleggingum Embættis landlæknis, þarf að fylgjast vel með neyslu næringarefna og næringarástandi og nauðsynlegt er að hafa samráð við næringarfræðing. Ef heilir fæðuflokkar, s.s. kornmatur, eru



Próunarmiðstöð
Íslenskrar heilsugæslu



teknir úr mataræði aukast líkur á skorti á ákveðnum næringarefnum. Ef mataræði sem einstaklingur fylgir uppfyllir ekki þörf fyrir einhver næringarefni ætti að íhuga bætiefni.

Næringarfræðingur sem hluti af teymi


Í bæði erlendum ráðleggingum og íslensku ráðleggingunum frá 2009 (1-7) er mælt með því að næringarfræðingur sinni næringarmeðferð en í dag verða fáir þess aðnjótandi að fá slíka þjónustu hérlendis. Ástæðan er skortur á næringarfræðingum starfandi í heilsugæslu á Íslandi í dag. Til langs tíma er mikilvægt að tryggja aðkomu næringarfræðinga að teymisvinnu heilbrigðisstarfsmanna sem sinna meðferð við sykursýki.

Ef einstaklingur vill prófa mataræði sem er mjög frábrugðið ráðleggingum Embættis landlæknis er aðkoma næringarfræðings að bæði meðferð og eftirliti æskileg.



Tegundir mataræðis

Rannsóknir hafa sýnt að margar tegundir mataræðis geta hentað fyrir einstaklinga með sykursýki af tegund 2 (2-7, 23). Á næstu síðum verður farið yfir þrjár mismunandi tegundir mataræðis sem allar hafa verið rannsakaðar sem næringarmeðferð við sykursýki. Tilgangurinn með þessari samantekt er að auðvelda samanburð á þessum tegundum mataræðis, stöðu þekkingar, kostum þeirra og göllum. Hlutfallslega skiptingu orkuefna má sjá á mynd 1 ásamt samanburði við meðalneyslu Íslendinga samkvæmt landskönnun á mataræði. Val á mataræði ætti að byggjast á því hvaða mataræði einstaklingurinn sjálfur kysir og heilsu hans (2-7, 23). Grænmetisfæði er ekki sérstaklega tekið fyrir hér en samsetning þess líkist mjög hefðbundnum ráðleggingum með tilliti til skiptingar orkuefnanna. Í þeim tegundum mataræðis sem eru nefndar hér að neðan má fyrir þá sem kjósa grænmetisfræði, skipta dýraafurðum út fyrir próteinríkar fæðutegundir úr jurtaríkinu, s.s. baunir, hnetur og vörur unnar úr þeim og einnig er hægt að velja áfram að neyta mjólkurafurða og eggja. Rannsóknir benda til þess að grænmetisfæði geti haft jákvæð áhrif á heilsufar einstaklinga, hvort sem þeir eru með sykursýki eða ekki (40, 41).



Mynd 1. Hlutfallsleg skipting orkuefnanna reiknað sem hlutfall orkunnar (fita, kolvetni og prótein) í þremur tegundum mataræðis auk mataræðis Íslendinga samkvæmt Landskönnun á mataræði Íslendinga 2010-11 (42). Orkan sem felst í trefjaneyslu er talin með í hluta kolvetnis.

Mataræði sem byggir á almennum ráðleggingum

Skipting orkuefnanna:

Prótein 10-20 E%

Kolvetni 45-60 E%

Fita 25-40 E%

Hefðbundin næringarmeðferð fyrir einstaklinga með sykursýki byggir á almennum ráðleggingum Embættis landlæknis um mataræði og næringarefni fyrir heilsuhrausta einstaklinga en með ákveðnum áherslubreytingum. Mataræðið er einnig sambærilegt Miðjarðarhafsmataræði og Norrænt mataræði sem mikið hefur verið rannsakað með tilliti til bæði forvarna og næringarmeðferðar við sykursýki (2-4, 6, 7, 43-49).

Í almennum ráðleggingum er ráðlagt að borða að minnsta kosti 500 grömm af grænmeti og ávöxtum daglega (að minnsta kosti helmingurinn ætti að vera grænmeti), heilkorn minnst tvisvar á dag (þar sem mælt er með að valdar séu vörur merktar skráargatinu eða heilkornamerki), fisk tvisvar til þrisvar í viku (bæði feitan og magran), að neyta kjöts í hófi (<500 g/viku), velja fituminni og hreinar mjólkurvörur, að auka hlut fjölómattaðra fitusýra í fæði með notkun jurtaolía við matargerð og neyslu á fæðutegundum á borð við avókadó, hnetur og feitan fisk. Hvatt er til þess að neysla á salti og viðbættum sykri sé hófleg. Mælt er með D-vítamíni sem fæðubót (50, 51). Í hefðbundinni næringarmeðferð fyrir einstaklinga með sykursýki er auk þess mælt með því að neyslu kolvetnis sé dreift yfir daginn og að valdar séu kornvörur með lágum sykurstuðli (glycemic index) (1, 3-7, 52).

Staða þekkingar

Rannsóknir sýna að þessi tegund mataræðis getur leitt til þyngdartaps hjá of þungum einstaklingum og haft jákvæð áhrif á langtímablóðsykur (HbA1c) og blóðfitur (2-7), dregið úr hættu á hjarta- og æðasjúkdómum og seinkað því að þörf sé á lyfjum við sykursýki af tegund 2 (2-5, 43-46).



Kostir

Mataræði sem byggir á þessum grunni veitir öll þau næringarefni sem líkaminn þarfnast, orkugefandi næringarefni (prótein, fita, kolvetni/trefjar) auk vítamína, steinefna og annarra holliefna. Þetta mataræði hefur verið grunnur næringarmedferðar við sykursýki í áratugi og klínísk reynsla því löng. Þeir sem fylgja þessu mataræði borða mikið af grænmeti og baunum sem eru hitaeiningasnaugar en trefja- og næringarríkar fæðutegundir. Það getur gagnast vel þegar markmið er sett á þyngdartap eða viðhald þyngdartaps, ekki síst til að koma í veg fyrir hungur. Með því að skipta út matvörum með háum sykurstuðli fyrir fæðutegundir með lágum sykurstuðli getur dregið úr blóðsykursveiflum (30, 31). Þetta mataræði getur hækkað HDL kólesteról og lækkað þríglýseríð.

Mikilvægt að hafa í huga

Í næringarmedferð við sykursýki þarf að huga sérstaklega vel að vali á sterkjuríkum fæðutegundum, s.s. af brauði, morgunkorni og öðrum kornvörum, sérstaklega ef einstaklingur er við efri mörk kolvetnisneyslu (60 E%). Þessi matur getur hækkað blóðsykur og inniheldur hlutfallslega mikla orku miðað við rúmmál, svo neysla hans getur komið í veg fyrir þyngdartap. Því er mikilvægt að þessar kolvetnisríku vörur séu af góðum gæðum, trefjaríkar, heilkorna og hafi lágan sykurstuðul. Matvörur með lágan sykurstuðul eru yfirleitt minna unnar vörur með heilum kornum, grófir hafrar s.s. tröllahafrar og trefjaríkt heilkorna brauð úr t.d. rúgi. Þó er mikilvægt að hafa í huga að aldrei skal velja fæðutegundir eingöngu eftir sykurstuðli því þá er hætt við því að næringarríkum fæðutegundum (t.d. gulrótum, haframjöli og soðnum kartöflum) sé sleppt og fitu- og sykurríkar fæðutegundir með lágan sykurstuðul (t.d. rjómasúkkulaði) valdar í staðinn.

Ráðleggingar

Fyrir einstaklinga sem ekki ná blóðsykur-, þyngdar- eða blóðfitumarkmiðum þarf að skoða meðferðarhaldni. Einnig þarf að meta heildarorkuneyslu og veita viðeigandi leiðbeiningar t.d. um minnkun skammtastærða og hvernig samsetning máltíða og máltíðarmynstur getur haft



áhrif á matarlyst og seddutilfinningu. Auk þess getur verið hjálplegt að skoða nánar gerð og gæði kolvetnis í fæði sem og gerð og gæði fitunnar sem einstaklingur neytir. Þá er gott að leiðbeina með val á fæðutegundum sem innihalda færri hitaeiningar og hafa lágan sykurstuðul.

Ef markmiðum meðferðar með tilliti til langtímablóðsykurs, þyngdar eða annarra mælinga er ekki náð, má íhuga mataræði með hóflegri kolvetnisskerðingu eða lágkolvetnismataræði.

Eftirfylgni

Einungis er þörf á mælingum sem fylgja hefðbundnu sykursýkiseftirliti (HbA1c, blóðfitur, blóðþrýstingur, líkamsþyngd og mittismál). Ef mælingar eru ekki í samræmi við markmið skal skoða meðferðarheldni við næringar meðferð.



Mataræði með hóflegri kolvetnisskerðingu

Skipting orkuefnanna:

Prótein ≥ 20 E%

Kolvetni 30-40 E%

Fita ≥ 40 E%

Á síðustu árum hefur rannsóknum á mataræði með hóflegri kolvetnisskerðingu fjölgað og nokkrar þeirra hafa skoðað áhrif á einstaklinga með sykursýki. Þetta mataræði inniheldur minna af kolvetnum og því inniheldur það minna af vörum eins og brauði, kornvörum, hrísgrjónum og kartöflum heldur en mataræði sem byggir á almennum ráðleggingum (2, 3).

Staða þekkingar

Niðurstöður rannsókna benda til þess að mataræði með hóflegri kolvetnisskerðingu geti lækkað langtímablóðsykur (HbA1c), leitt til þyngdartaps og haft jákvæð áhrif á blóðfitur (getur aukið HDL kólesteról hjá einstaklingum með lágt HDL kólesteról). Frekari rannsókna er þörf (3, 23).

Kostir

Þetta mataræði getur veitt öll næringarefni sem líkaminn þarfnast. Þeir sem fylgja þessu mataræði borða mikið af t.d. grænmeti og baunum sem eru hitaeiningasnauðar en trefja- og næringarríkar fæðutegundir í staðinn fyrir kolvetnisríkari afurðir s.s. kornvörur og ávexti. Það getur gagnast vel þegar þyngdartap er markmiðið. Í mataræði með hóflegri kolvetnisskerðingu veita prótein einnig $\geq 20\%$ heildarorkunnar. Prótein geta veitt seddutilfinningu sem er kostur fyrir þá sem vilja léttast (53-56). Í þessu mataræði er hlutur kolvetnis 30-40% af heildarorku sem getur haft jákvæð áhrif á langtímablóðsykur, HDL kólesteról og þríglýseríð (3, 23). Þegar hlutur kolvetnis minnkar er auðveldara að koma í veg fyrir miklar blóðsykursveiflur eftir máltíðir (57).



Þróunarmiðstöð
Íslenskrar heilsgæslu



Mikilvægt að hafa í huga

Frábendingar:

Petta mataræði getur mögulega ekki hentað þeim sem eru með skerta nýrnastarfsemi en próteinneysla þeirra ætti að miðast við 0,8 g/kg líkamsþyngdar á dag (4).

Íslenskt mataræði kemst reyndar mjög nálægt því að flokkast sem mataræði með hóflegri kolvetnisskerðingu (42% af heildarorku frá kolvetni) en gróflega má áætla að mataræði um það bil 25% landsmanna samræmist orkuefnaskiptingu mataræðis með hóflegri kolvetnisskerðingu, sjá viðauka (58). Ef horft er til framlags gos- og svaladrykkja, sælgætis og sætinda til kolvetnisneyslu Íslendinga og hún dregin frá heildarneyslunni þá er framlag kolvetnis til heildarorkuneyslu komið vel undir 40%. Því er ekki víst að draga þurfi úr kornvöru- og ávaxtaneyslu hjá öllum Íslendingum sem fylgja mataræði með hóflegri kolvetnisskerðingu. Mikilvægt er að kanna núverandi mataræði með fæðissögu áður en ákvörðun er tekin um að takmarka neyslu á þessum vörum þar sem þær eru uppspretta mikilvægra vítamína, steinefna og fæðutrefja í íslensku mataræði.

Þegar dregið er úr kolvetnisneyslu er algengt að það sé bætt upp með feitum og saltríkum fæðutegundum eins og osti og unnum kjötvörum sem geta m.a. hækkað blóðþrýsting og komið í veg fyrir þyngdartap. Rannsóknir á áhrifum þess að takmarka kolvetnisneyslu hafa einnig sýnt hækkun á LDL kólesteróli (59). Mikilvægt er að velja frekar fituríkar vörur úr jurtaríkinu, s.s. ólífúolíu, hnetur og lárperur (avokado) en einnig egg og feitar sjávarafurðir. Nýlegar rannsóknir benda þó til þess að tengsl mettaðrar fitu og hjarta- og æðasjúkdóma séu e.t.v. ekki svo einföld og að meðal annars þurfi að greina betur úr hvaða matvælum fitan kemur. Rannsóknir benda til dæmis til þess að stuttar og millilangar mettaðar fitusýrur úr mjólkurvörum dragi úr áhættu á hjarta- og æðasjúkdómum og efnaskiptavillu (60-63) á meðan neysla mettaðrar fitu úr kjöti og kjötvörum hefur verið tengd aukinni hættu (60). Þegar draga á úr kolvetnisneyslu er almennt mælt með því að leggja áherslu á fæðutegundir úr jurtaríkinu þar sem rannsóknir hafa sýnt aukna hættu á hjarta- og æðasjúkdómum við aukna neyslu á mettaðri fitu úr fæðutegundum úr dýraríkinu (64-70).



Í rannsóknum hefur komið fram skortur á meðferðarheldni til lengri tíma þar sem kolvetnisneysla er skert (3, 23). Að lokum þarf að hafa trefjaneyslu í huga og vaxandi þekkingu á hlutverki þarmaflórunnar í blóðsykurstjórnun og þyngdarstjórnun. Mikilvægt að fylgjast með rannsóknum á þessu sviði (71).

Ráðleggingar

Í mataræði með hóflegri kolvetnisskerðingu fer fita yfir 40% af heildarorku og því er mikilvægt að huga að samsetningu fitusýra í fæði.

Fyrir einstaklinga sem ekki ná blóðsykur-, þyngdar eða blóðfitumarkmiðum þarf að skoða meðferðarheldni. Einnig þarf að meta heildarorkuneyslu og veita viðeigandi leiðbeiningar, t.d. um minnkun skammtastærða og hvernig samsetning máltíða og máltíðarmynstur getur haft áhrif á matarlyst og seddutilfinningu. Auk þess getur verið hjálplegt að skoða nánar gerð og gæði fitu og kolvetnis sem einstaklingur neytir og leiðbeina með val á fæðutegundum sem innihalda færri hitaeiningar og hafa lágan sykurstuðul.

Ef markmiðum meðferðar með tilliti til langtímablóðsykurs, þyngdar eða annarra mælinga er ekki náð, má íhuga mataræði sem byggir á almennum ráðleggingum fyrir einstaklinga með sykursýki af tegund 2 eða lágkolvetnismataræði.

Eftirfylgni

Einungis er þörf á mælingum sem fylgja hefðbundnu sykursýkiseftirliti (HbA1c, blóðfitur, blóðþrýstingur, líkamsþyngd og mittismál). Ef mælingar eru ekki í samræmi við markmið skal skoða meðferðarheldni við næringarmeðferð.

Lágkolvetnismataræði

Skipting orkuefnanna:

Prótein 15-30 E%

Kolvetni 10-20 E%

Fita >50 E%

Lágkolvetnismataræði samanstendur að mestu af kjöti, fiski, eggjum, grænmeti, osti og fitu. Mataræðið er fituríkt. Gjarnan er mælt með fitum úr jurtaríkinu og rétt er að forðast unnar kjótvörur af fremsta megni. Magn próteina ræðst af samsetningu fæðunnar. Miðað við aðrar tegundir mataræðis inniheldur lágkolvetnismataræði mun minna af brauði, kornvörum, kartöflum og hrísgrjónum. Einnig er töluvert minna af baunum, ávöxtum, heilkorni og rótargrænmeti.

Staða þekkingar

Skammtímarannsóknir hafa sýnt að lágkolvetnismataræði getur lækkað langtímablóðsykur og stuðlað að þyngdartapi (72-75). Langtímaáhrif lágkolvetnismataræðis á þyngd, blóðþrýsting, blóðfitur, langtímablóðsykur og áhættu á hjarta- og æðasjúkdóma eru óljós og er frekari rannsókna þörf (2, 3, 23). Rannsóknir þar sem lágkolvetnismataræði er borið saman við mataræði sem byggir á almennum ráðleggingum fyrir einstaklinga með sykursýki af tegund 2 eða mataræði með hóflegri kolvetnisskerðingu af miklum gæðum hafa ekki verið gerðar.

Kostir

Lágkolvetnismataræði getur valdið hraðara þyngdartapi en mataræði sem byggir á almennum ráðleggingum, að minnsta kosti til skamms tíma (<sex mánuðir) og þar af leiðandi betri blóðfitusamsetningu (hækkun á HDL kólesteróli, lækkun á þríglýseríðum) hjá of þungum einstaklingum meðan á þyngdartapi stendur. Eftir eitt ár er þyngdartap hins vegar sambærilegt við þyngdartap sem fæst með því að fylgja annars konar mataræði (53, 54, 76). Í



lágkolvvetnismataræði er prótein 25-40% heildarorkunnar. Prótein veitir seddutilfinningu sem er kostur fyrir þá sem vilja léttast (53-56). Þegar hlutur kolvvetnis í fæðunni er lítill er auðveldara að koma í veg fyrir miklar blóðsykurhækkningar eftir máltíðir (57).

Mikilvægt að hafa í huga

Frábendingar:

Þetta mataræði getur mögulega ekki hentað þeim sem eru með skerta nýrnastarfsemi en próteinneysla þeirra ætti að miðast við 0,8 g/kg líkamsþyngdar á dag (4).

Þetta mataræði hentar mögulega ekki þeim sem eru með of hátt LDL kólesteról (59, 77).

Taka þarf sérstaklega tillit til hættu á blóðsykurfalli ef einstaklingar nota insúlín eða lyf sem geta valdið sykurfalli.

Þetta mataræði hentar mögulega ekki fyrir þungaðar konur, konur með börn á brjósti eða einstaklingum með átröskun eða sögu um átröskun (4)

Vegna skorts á langtímarannsóknum er ekki mælt með því að þessari meðferð sé beitt lengur en í sex mánuði.

Í lágkolvvetnismataræði er fæðuflokkum eða stórum hluta fæðuflokka sleppt eða neytt í litlu magni. Því er mikilvægt að leiðbeina einstaklingum þannig að ekki verði skortur á mikilvægum næringarefnum. Breyting yfir í lágkolvvetnismataræði getur í einhverjum tilfellum leitt til aukinnar orkuinntöku og þyngdaraukningar og aukin neysla á mettaðri fitu getur hækkað styrk LDL kólesteróls í blóði, a.m.k. hjá sumum (2, 3, 59, 77). Nýlegar rannsóknir benda þó til þess að tengsl mettaðrar fitu og hjarta- og æðasjúkdóma séu e.t.v. ekki svo einföld og að meðal annars þurfi að greina betur úr hvaða matvælum fitan kemur. Rannsóknir benda til dæmis til þess að stuttar og millilangar mettaðar fitusýrur úr mjólkurvörum dragi úr áhættu á hjarta- og æðasjúkdómum og efnaskiptavillu (60-63) á meðan neysla mettaðrar fitu úr kjöti og kjötvörum hefur verið tengd aukinni hættu (60). Í lágkolvvetnismataræði veitir fita meira en 50% af heildarorku. Rannsóknir skortir hins vegar á æskilegri fitusýrusamsetningu fæðunnar þegar hlutfall fitu er orðið svo hátt.



Þegar draga á úr kolvetnisneyslu er almennt mælt með því að leggja áherslu á fæðutegundir úr jurtaríkinu þar sem rannsóknir hafa sýnt aukna hættu á hjarta- og æðasjúkdómum við aukna neyslu á mettaðri fitu úr fæðutegundum úr dýraríkinu (64-70, 78). Mikið magn dýrapróteina getur einnig haft áhrif á nýrnastarfsemi hjá þeim sem viðkvæmir eru (2, 3).

Ráðleggingar

Ef einstaklingur vill prófa lágkolvetnismataræði er mikilvægt að heilbrigðisstarfsmenn veiti viðeigandi ráðleggingar og eftirfylgni. Mikilvægt er að hafa öryggi meðferðar í huga. Enn er ekki ljóst hvort lágkolvetnismataræði sé góður kostur til lengri tíma fyrir einstaklinga með sykursýki þar sem lítil þekking er á langtímaáhrifum þess (2, 3).

Þar sem mataræðið er talsvert frábrugðið ráðleggingum Embættis landlæknis er aðkoma næringarfræðings að bæði meðferð og eftirliti æskileg.

Fyrir einstaklinga sem ekki ná blóðsykur-, þyngdar- eða blóðfitumarkmiðum þarf að skoða meðferðarhaldni. Einnig þarf að meta heildarorkuneyslu og veita viðeigandi leiðbeiningar, t.d. um skammtastærðir og hvernig samsetning máltíða og máltíðarmynstur getur haft áhrif á matarlyst og seddutilfinningu. Auk þess getur verið hjálplegt að skoða nánar gerð og gæði fitu og kolvetnis sem einstaklingur neytir og leiðbeina með val á fæðutegundum sem hafa lágan sykurstuðul.

Ef markmiðum meðferðar með tilliti til langtímablóðsykurs, þyngdar eða annarra mælinga er ekki náð, ætti að breyta áherslum næringar meðferðar og skipta yfir í mataræði sem byggir á almennum ráðleggingum fyrir einstaklinga með sykursýki af tegund 2 eða mataræði með hóflegri kolvetnisskerðingu.

Eftirfylgni

Auk mælinga sem fylgja hefðbundnu eftirliti (HbA1c, blóðfitur, blóðþrýstingur, líkamsþyngd og mittismál) er nauðsynlegt að fylgjast með nýrnastarfsemi. Þar sem langtímaáhrif



mataræðisins eru lítt þekkt er mikilvægt að fylgjast með áhrifum þess á lyfjameðferð. Þessi eftirfylgni er sérstaklega mikilvæg ef einstaklingur yfir kjörþyngd léttist ekki, þyngist eða þyngist aftur eftir þyngdartap (2, 3, 79, 80). Ef beita á þessari meðferð er rétt að upplýsa skjólstæðing um stöðu þekkingar, skort á langtímarannsóknnum og skrá meðferð í sjúkraskrá. Sérstaklega ef um er að ræða lengri tíma en í sex mánuði. Einnig er þörf á að skrá hugsanlegar aukaverkanir, s.s. meltingareinkenni, þreytu og slen, ketóna, blóðfitur, nýrnastarfsemi og næringarástand. Ef mælingar eru ekki í samræmi við markmið skal skoða meðferðarheldni við næringarmeðferð.



Næringarmeðferð umfram mataræði og fæðutegundir

Til viðbótar við ráðleggingar varðandi mataræði og fæðutegundir eru nokkur lykilatriði:

Insúlín og önnur lyf sem geta valdið sykurfalli

Lyf sem hafa áhrif á insúlínmagn í blóði (sulfonylurea lyf og insúlín) auka upptöku á glúkósa. Betri blóðsykurstjórnun veldur því að líkaminn tapar ekki glúkósa (og þar með hitaeningum) með þvagi. Þegar meðferð með þessum lyfjum hefst er því skynsamlegt að ráðleggja of feitum einstaklingum (BMI>30) að draga úr orkuinntöku til að forðast þyngdaraukningu. Til að koma í veg fyrir blóðsykurfall og/eða miklar sveiflur í blóðsykri skal leggja áherslu á reglulegar máltíðir. Einnig getur verið gagnlegt að kenna kolvetnistalningu eða leggja áherslu á jafngildi kolvetnismagns í máltíðum.

Reglulegar máltíðir

Í hefðbundinni næringarmeðferð við sykursýki er mælt með morgunmat, hádegismat og kvöldmat og millimáli einu sinni til tvisvar, dreift yfir daginn, en mikilvægt er að aðlaga þetta að venjum hvers og eins (6, 81). Óreglulegar máltíðir hafa verið tengdar við auknar líkur á sykursýki af tegund 2 (82, 83) en vísindalegan stuðning fyrir þessum ráðleggingum í meðferð vantar. Þegar einstaklingur er á lyfjum sem hafa áhrif á insúlínmagn í blóði er sérstaklega mikilvægt að hafa reglu á máltíðum (84).

Kolvetnistalning

Kolvetnistalning er gagnleg leið fyrir einstaklinga á insúlínmeðferð. Þá er kolvetnismagn máltíðar áætlað og magn máltíðarinsúlíns aðlagð að því. Fyrir einstaklinga á föstum insúlínkömmtum er gott að leggja áherslu á stöðugleika kolvetnismagns í máltíðum.



Þróunarmiðstöð
Íslenskrar heilsgæslu



Hópfræðsla

Fræðsla um mataræði og sykursýki í litlum hópum getur verið hagkvæm og hefur gefið góða raun. Ekki síst er styrkur fyrir þá sem eru með sjúkdóminn að hitta aðra í sömu stöðu og getur slík fræðsla eftt einstaklinga í sjálfsumönnun. Víða er mælt með slíkri hópfræðslu sem hluta af meðferð einstaklinga með sykursýki af tegund 2 og/eða einstaklinga með byrjandi sykursýki (17, 85-91). Næringarmeðferðin sjálf er þó alltaf miðuð að einstaklingum.

Fæðubótarefni

Fæðubótarefni eru oftast óþörf nema D-vítamín yfir vetrarmánuðina. Sömu ráðleggingar gilda fyrir einstaklinga með sykursýki. Þó þarf að skoða þörf á fæðubótarefnum hjá einstaklingum sem eru á lágkolvetrismataræði.

Rannsóknir styðja ekki neyslu ómega-3 fitusýra á fæðubótarformi til að koma í veg fyrir eða meðhöndla hjarta- og æðasjúkdóma hjá einstaklingum með sykursýki. Regluleg neysla á feitum fiski getur hins vegar dregið úr líkum á hjarta- og æðasjúkdómum og ætti því að hvetja til fiskneyslu (af bæði feitum og mögrum fiski) tvisvar til þrisvar í viku (50, 51).

Daglega neysla á plöntustanólum eða -sterólum getur mögulega leitt til hóflegrar lækkunar á LDL kólesteróli hjá einstaklingum með sykursýki og blóðfituröskun.

Að öðru leyti hafa rannsóknir ekki sýnt ávinning af neyslu fæðubótarefna ef ekki er undirliggjandi skortur á viðkomandi næringarefni. Ófullnægjandi sannanir eru fyrir því að neysla fæðubótarefna, s.s. magnesíums, króms og D-vítamíns, hafi áhrif á blóðsykurstjórnun. Ófullnægjandi sannanir eru fyrir því að neysla á kanil eða öðrum jurtum geti haft áhrif á blóðsykurstjórnun (84).

Samræmi í meðferð

Næringarmeðferð felur oft í sér að einstaklingar þurfa að breyta lífsstíl sínum.

Langtímastuðningur og hvatning heilbrigðisstarfsmanna er mikilvægur liður í að viðhalda



þessari breytingu. Það er ákaflega mikilvægt að allir meðferðaraðilar séu samhljóma í sinni meðferð og ráðgjöf.

Tími

Það er mikilvægt að næringarmeðferð sé einstaklingsmiðuð og því verður að gera ráð fyrir að það fari nokkur tími í að þjálfva einstaklinga í breytingum á mataræði. Til þess að geta veitt sem besta meðferð við sykursýki, sem og öðrum sjúkdómum, er mikilvægt að heilbrigðisstarfsmenn hafi nægjanlega þekkingu og tíma til að fylgjast með umræðum og rannsóknum til að viðhalda þekkingu sinni.

Næringarmeðferð fyrir aldraða

Hjá öldruðum eru blóðsykurmarkmið hærri (2-4) og því er lögð enn meiri áhersla á lífsgæði og vellíðan í næringarmeðferð fyrir aldraða en stranga blóðsykurstjórnun. Hætta á vannæringu er aukin og fyrir þá sem eru lystarlausir getur hentað að borða oftari og minna í einu.

Byrjandi sykursýki

Rannsóknir hafa sýnt að hægt er að meðhöndla einstaklinga með byrjandi hækkaðan blóðsykur með ákveðnum lífsstílsmeðferðum til að draga úr líkum á þróun ástandsins yfir í sykursýki af tegund 2 (4, 17, 18, 85, 86, 92-94). Lífsstílsmeðferðir, gjarnan í hópum, hafa sýnt góðan árangur og eftirfylgni við þessar meðferðir hafa sýnt talsvert minni hættu á sykursýki allt að 20 árum síðar (17, 85, 86). Rannsóknir benda einnig til þess að slíkar meðferðir séu hagkvæmar (87-90). Hefja ætti næringarmeðferð hjá einstaklingum með byrjandi sykursýki eða í áhættuhópi strax, en ekki bíða eftir að einstaklingurinn greinist. Rannsóknir sýna að slíkt getur lækkað langtímablóðsykur og dregið þar með úr líkum á greiningu sykursýki (17, 85, 86). Fæðutegundir sem hafa verið tengdar við minni hættu á sykursýki hjá einstaklingum með byrjandi sykursýki eru heilkorn, hnetur, ber, grænmeti og ferskir ávextir (95-98).



Lokaorð

Í takt við aukna tíðni sykursýki af tegund 2 á heimsvísu og vegna alvarleika sjúkdómsins er mikil gróska í rannsóknum á næringarmeðferð fyrir einstaklinga með sjúkdóminn.

